



Ársskýrsla
Byggðasafns Skagfirðinga
fyrir 2006

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Starfsfólk.....	4
Gestir	4
Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira.....	4
<i>Aukin safnkennsla</i>	4
<i>Fyrirlestrar og endurmenntun</i>	5
<i>... og fleira</i>	5
<i>Staðarvarðanám</i>	6
Nýjar sýningar og viðburðir.....	6
<i>Margt býr í moldinni</i>	7
<i>Safnadagurinn</i>	8
<i>Annad</i>	9
Safngripir og aðrar nýjar heimildir	9
<i>Úrfestar úr mannbári</i>	10
<i>Heimildir á mynd- og segulböndum</i>	10
Bæjarrölt í Sæluviku.....	11
Bjargvætturinn Mark Watson.....	12
Fornverkaskólinn og handverkið	12
<i>Verkefnisstjóri Fornverkaskólans</i>	13
<i>Handverksýning á Hólum</i>	13
<i>Samkomulag um vettvangskennslu í torfhleðslu á Tyrfingsstöðum</i>	13
<i>Smárit um torf til bygginga</i>	13
<i>Önnur útgáfa</i>	14
Styrkir	14
<i>Styrkur úr Safnasjóði</i>	14
<i>Styrkur frá Húsafriðunarnefnd</i>	15
<i>Styrkur frá Starfsmenntaráði</i>	15
<i>Fiske Seafood á Sauðárkróki</i>	15
<i>Kjötvinnsla KS</i>	15
Viðgerðir.....	15
<i>Smíðjuviðgerð</i>	15
Kvöldverður að handan Vatna hætti.....	16
Norðlensk minjasöfn og söfnun samtímaminja	17
Söguseturs íslenska hestsins.....	17

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga.....18

Starfsfólk.....	18
Styrkir	19
<i>Kristnihátíðarsjóður</i>	19
<i>Fornleifasjóður</i>	19
<i>Fjárlaganefnd</i>	19
Starfsemi Fornleifadeildar BSK árið 2005	20
<i>Hólarannsóknin</i>	20
<i>Fornleifarannsókn í Kolkuósi</i>	20
<i>Fornleifauppgröftur á melunum austan Staðarár í landi Ármúla</i>	21
<i>Kirkjugarður í landi Hvanneyrar, Siglufirði</i>	23

<i>Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi</i>	23
<i>Fornleifakönnun á Stekkjartóft í landi Staðar í Hrítafirði</i>	23
<i>Fornleifakönnun á Grenjadarstað í Aðaldal</i>	23
Fornleifaskráningar 2006.....	24
<i>Fornleifaskráning í Skagafirði</i>	24
<i>Fornleifaskráning vegna deiliskípulags</i>	24
<i>Mat á umbverfisábrifum framkvæmda</i>	24
<i>Fornleifaskráning í Seyðisfirði</i>	25
Norrænt tengslanet, alþjóðleg ráðstefna á Hólum	25
Kynning og miðlun	25
Kennsla og fyrirlestrar	25
<i>Sýningar</i>	26
<i>Útgáfa</i>	27
<i>Annad</i>	27

Inngangur

Fjölbreytni einkenndi starfsemi byggðasafnsins á þessu ári og mörg spennandi verkefni eru í vinnslu. Safngestum fjölgaði og safnið tók þátt í viðburðum og samstarfi við ýmsa aðila og stofnanir.

Í lok árs var vendipunktur í fimm ára gjöfulu samstarfi við Hólaskóla og Þjóðminjasafn Íslands um fornleifarannsóknir á Hólum, Hólarannsóknina. Styrkveitingum úr Kristnihátíðarsjóði er nú lokið, en Hólarannsóknin fékk þaðan mikinn og góðan styrk þau fimm ár sem rannsóknin hefur staðið. Áherslubreyting verður nú á samstarfinu. Í tilefni 900 ára afmælis skólahalds á Hólum færði Sveitarfélagið Skagafjörður Hólaskóla rannsóknarstöðu í fornleifafræði að gjöf, til næstu 3 ára. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga sem hefur vaxið og dafnað við hlið Hólarannsóknarinnar mun eftir sem áður efla fræðistörf og kennslu í vettvangsskóla í fornleifafræði á vegum Hólaskóla, og vera í samstarfi um rannsóknir eftir því sem tök verða á því. Sveitarfélagið Skagafjörður er með þessum gjörningi að efla mjög skólahald á Hólum og auka fjölbreytni í rannsóknastarfi á vegum skólans, sem örugglega á eftir að skila Skagfirðingum og þjóðinni allri merkilegum rannsóknum og niðurstöðum. Mjög mikið rannsóknarefni hefur skapast með Hólarannsókninni sem þarf að vinna úr, og sem rannsóknastaða við skólann mun spila úr á komandi árum.

Við viljum nota tækifærið og þakka framkvæmdastjóra Hólarannsóknarinnar, Ragnheiði Traustadóttur, fyrir framúrskarandi vinnu á undanförunum fimm árum og hlökkum til að njóta krafta hennar áfram. Góðar kveðjur og þakkir sendum við samstarfsaðilum okkar um Hólarannsóknina, Þjóðminjasafni Íslands og Hólaskóla og kærar þakkir til stjórnar Kristnihátíðarsjóðs og stjórnvalda til að gera okkur kleift að byggja upp rannsóknir í fornleifafræði í Skagafirði og efla minjavernd.

Ársskýrslunni er skipt í tvo megin kafla, starfsemi safnsins og starfsemi fornleifadeildar. Áhersla er lögð á að skýra helstu þætti í starfinu fremur en að tíunda allt sem gerst hefur.

Guðný Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir.

Starfsfólk

Alls unnu 15 manns við safnið á árinu, þar af 4 við fornleifadeild safnsins, auk fjölda verkefnaráðinna sérfræðinga sem tengdust hinum ýmsu rannsóknum deildarinnar.

Safnverðir voru: Aldís Rut Gísladóttir, Glaumbæ, Ingibjörg Kristín Ingólfssdóttir, Sauðárkróki, Ágúst og Pálmi Sigurjónssynir, Hjarðarhaga, Jóhanna Magnúsdóttir, Bitru/Glaumbæ, Stefanía Sigurðardóttir, Skarði og Steinunn Ósk Guðmundsdóttir Stóru-Seylu. Öll nemendur í fjölbrauta- og menntaskólum. Óskar Smári Haraldsson vinnuskóla-/grunnskólanemi var við umhverfishirðingu yfir sumartímann og Guðbjörg Daníelsdóttir nemi við FNV. vann við vorhreingerningar húsa og húsmuna. Sigrún Fossberg Arnardóttir safnkennari, Sauðárkróki, vann við safngæslu í Minjahúsinu í sumar og sá einnig um móttöku allra skólahópa þangað. Esther Ágústsdóttir kennari var verkefnaráðin til að stýra vinnu við námsskrárgerð og námsskeiðalýsingar fyrir Fornverkaskólann¹. Safnstjóri byggðasafnsins er Sigríður Sigurðardóttir kennari og sagnfræðingur. Safnstjóri er eini fastráðni starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga. Aðrir starfsmenn safnsins eru verkefnaráðnir tímabundið. Á fornleifadeild BSk. voru tveir starfsmenn ráðnir til vinnu á ársgrundvelli, og aðrir tveir voru verkefnaráðnir tímabundið. Sjá umfjöllun um deildina hér aftar.

Gestir

Þau tíðindi gerðust á þessu ári að gestafjöldi sem fór inn í gamla bæinn í Glaumbæ fór yfir 25000. Lokatala ársins í Glaumbæ varð 25470. Fjöldi gesta hefur stígvaxið í nokkur ár og af og til hafa starfsmenn safnsins sett viðmiðunarmörk sem spennandi er að fylgjast með. Í fyrra var ljóst að þetta gæti gerst á þessu ári, en kuldalegt veðurfar í vor og framan af sumri dró úr bjartsýninni, en það lagaðist er leið á sumarið. Það sést kannski best á þessari tölu að útlendir ferðamenn láta sig litlu skipta hvort veður er gott eða vont, að mati okkar heimamanna. Þeir fara þangað sem þeir hafa stefnt. Hlutfall útlendinga til mótvægis við Íslendinga eykst fremur en hitt í Glaumbæ og er að nálgast 85% gesta. Annað er uppi á teningnum í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Þangað höfðu 1329 gestir lagt leið sína í lok ársins, en þar eru 95% gesta íslenskir.

Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira

Um 600 nemendur komu í heimsókn á sýningar safnsins og nokkrir leituðu aðstoðar starfsmanna við ritgerðasmíði, heimildaleit og fræðslu. Starfsfólk safnsins tók þátt í ýmiskonar námskeiðum og ráðstefnum og sóttu sér fræðslu og þekkingu, en endurmenntun starfsmanna er nauðsynlegur hluti þess að störf safnsins þróist og starfsmenn bæti hæfni sína og faglegar aðferðir.



Börn úr elsta bekk leikskólans Birkilundar í Varmahlíð koma árlega í kynnis- og fræðsluferð í Glaumbæ. Ljósm. SA.

Aukin safnkennsla

Heimsóknir skólabarna í Minjahúsið jukust mikið. Tekið var á móti 304 nemendum í Minjahúsinu, á móti tæplega 300 í Glaumbæ. Yngstu bekkir Árskóla á Sauðárkróki voru duglegir að koma í

¹ Fornverkaskólinn er vinnuheiti á samstarfsverkefni sem safnið hefur sett á flot með Hólaskóla og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Sjá umfjöllun um Fornverkaskólann á bls. 13.

Minjahúsið. Það er mikils virði fyrir safn og skóla, börn og fullorðna að nemendur á öllum skólastigum kynnist menningu umhverfisins, eins og kynnt er á safnsýningum og læri hvernig þau geta nýtt sér og notið safnkostsins og menningarminja í umhverfinu.



Skólahópur frá Árskóla í heimsókn í Minjahúsinu. Þar er margt að sjá um Skagafjörð, m.a. um fornleifarannsóknir síðustu fimm ára, járn-, tré-, söðla og úrsmíðaverkstæði og glæsilegan bíl sem er frá 1930. Ljós. SAA.

Fyrirlestrar og endurmenntun

Starfmenn safnsins hafa tekið þátt í ýmskonar fræðslu og námskeiðum á árinu og hafa bæði numið og miðlað fróðleik og upplýsingum.

Hagvöxtur á heimaslóð, getur safnið og sagan skipt máli? Var framlag safnsins á samnefndu námskeiði á vegum Útflutningsráðs sem haldið var í Varmahlíð í mars.

Staða safnsins, rannsóknir og sýningar. Erindi fyrir Lyonsmenn á Löngumýri í mars.

Fyrirlestarnir *Lesið í landið - örnefni og þjóðbattir* og *Torf til bygginga* var framlag safnsins til Staðarvarðanámskeiðsins á Hólum í mars Vettvangsskóla Hólarannsóknarinnar í júní, sem sóttu um 30 nemendur í fornleifafræði frá HÍ, Oslóarháskóla og fleiri stofnunum.

Safnstjóri sótti fund ICOM-Regional Museums, sem haldinn var í Reykjavík í ágúst og hópur erlendra og íslenskra fyrirlesara heimsóttu Skagafjörð og byggðasafnið í kjölfarið.

Safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeildar sóttu Farskóla safnmanna sem haldinn var á Egilsstöðum í september þar sem fjallað var um framtíð safna með tilliti til samstarfs og samvinnu safna við aðrar stofnanir og einkaaðila.

Safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeildar fóru í kynnisferð til Rússlands, St.Pétursborgar og Novgorod, í september.

... og fleira

Nokkrum framhaldsskólanemum var veitt aðstoð við ritgerðavinnu, vefsíðugerð og fleiri verkefni.

Meðal verkefna sem starfsfólk safnsins veitti aðstoð við má nefna ritgerð í þjóðfræði við HÍ um „skagfirski veðurboða“, myndbandsverkefni um Jón Hreggviðsson sem

nemendur FNV unnu og vefsíðuverkefni í áfanganum Sagnfræði og sögunám í KhÍ, sjá: <http://nemendur.khi.is/hilkrist/torf.html>.

Forstöðumaður Hálanda- og vestureljasvæðis The National Trust of Skotlands heim-sótti Skagafjörð til að skoða torf- og grjóthlaðin hús og fá hugmyndir og aðstoð við viðgerðir torfpaka á gömlum grjóthlöðnum húsum á eyjunni **St. Kilda**.



Staðarvarðanám

Safnið er í samvinnu við Hólaskóla og fleiri aðila um námskeið fyrir staðarverði, sem skólinn býður á vorönn. Staðarvarðanámsskeið var haldið 10.-11. mars og sóttu það 33 nemendur. Nemendur staðarvarðanámsskeiðanna hafa valið ýmis efni sem sum hver tengjast starfsemi safnsins. Árið 2005 var gefinn út einblöðungur um kaffimeðlæti í Áskaffi, í framhaldi af vinnu Kristínar Maríu Gísladóttur nemanda á staðarvarðanámsskeiði árið 2005. Safnið fékk að nota hugmyndina og nú hafa upplýsingar um kaffibrauð og kökur verið þýddar á ensku, dönsku, frönsku og ítölsku og njóta mikilla vinsælda. Með útgáfunni er vakin athygli á veitingum kaffistofunnar, sem safnið leggur áherslu á að geti gefið gestum okkar hugmyndir og góða tilfinningu fyrir matarmenningu héraðsins.

Á þessu ári varð til annar nytsamlegur einblöðungur frá nemanda Staðarvarðanámsskeiðsins.

Það var „sjálfbær“ leiðsögn um gamla bæinn á Króknum þar sem rakin er saga húsanna og lýst mannlífi og þekktum persónum. Bæklinginn vann Sigríður Magnúsdóttir, á ensku. Hann var kynntur í Minjahúsinu og lét safnið prenta göngukort af bænum sem fylgdi bæklingnum til þeirra sem vildu nýta sér hann. Reynsla þeirra erlendu gesta sem fylgdu leiðsögninni á rölti um bæinn sýnir að full ástæða er til að fá hann gefinn út.

Annar nemandi staðarvarðanámsskeiðsins á þessu ári, Sigrún Fossberg Arnadóttir safnkennari, vann verkefni út frá ljósmynd á sýningu í Minjahúsinu. Myndina notaði hún sem kveikju að hugmyndavinnu meðal yngstu gesta sýningarinnar og umræðum um sameiginleg einkenni og mismun menningarheima og í fortíð og nútíð. Verkefnið hafði greinanleg áhrif á umtalsverða fjölgun ungra gesta í Minjahúsið í sumar.


Nýjar sýningar og viðburðir

Tvær nýjar sýningar voru opnaðar á árinu, á Sauðárkróki og á Hólum. Sýningunni *Glögg er gests augað* var pakkað saman og flutt úr Minjahúsinu yfir í Safnahús. Í lok sumars voru safngripir frá byggðasafninu á sýningum í Glaumbæ, Áshúsinu, Minjahúsinu á Sauðárkróki og Húsinu á Sandi – Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Sýningin *Annað land – Annað líf, Vesturbeimsferðir 1874-1914* sem hefur verið í Vesturfarasetrinu frá 1996 var yfirfarin og henni breytt lítilsháttar.

Heyskapur og handverk, Leikföng úr hornum og beinum og Rökkurgangan eru „sýningaratriði“ (viðburðir) sem sett eru upp árlega og margir taka þátt í, en með þeim er markmiðið að leyfa gestum að verða hluti af „sýningunni“ ef svo má segja. *Heyskapur og handverk* er á dagskrá safnadagsins, sem er annar sunnudagur í júlí. *Leikföng úr hornum og beinum* hefur verið sett upp á Landbúnaðarsýningum í reiðhöllinni Svaðastöðum og safnið hefur lánað skólum og fleirum leikföng úr hornum og beinum við ýmis tækifæri, t.d. gátu börn á öllum aldri leikið sér í búleik á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í júlí og lagt á gæðinga í brekkunni við völinn án afskipta dómara. Búið er upp á *Rökkurgöngu* á aðventunni.



Sýningin *Saga Hólabiskupa* var opnuð þann 8. júní í íþróttasal Hólaskóla. Sýningin var unnin á vegum Hólarannsóknarinnar, Byggðasafns Skagfirðinga, Háskólans á Hólum og embættis vígslubiskups, í tilefni 900 ára afmælis skólahalds og biskupsstóls á Hólum. Sýningarstjórar voru Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri og Ragnheiður Traustadóttir, stjórnandi Hólarannsóknarinnar. Texta skrifuðu Sigríður Sigurðardóttir, Ragnheiður Traustadóttir og Jón Baldvin Adalsteinsson vígslubiskup. Jón Þórisson hannaði sýninguna og Anna Rut Guðmundsdóttir hannaði útlit textarenninga. Biskupsstofa og Þjóðhátíðarsjóður styrktu gerð sýningarinnar.



Á opnunardegri sýningarinnar var skrifað undir samning milli Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hólaskóla um eflingu rannsóknna og kennslu í fornleifafræði við Hólaskóla - Háskólann á Hólum, sem er afmælisgjöf sveitarfélags í tilefni 900 ára afmæli biskupsstóls og skólahalds á Hólum. Framlag safnsins til sýningarinnar var sömuleiðis gjöf til skólans á afmælisárinu.

Margt býr í moldinni er sýning sem opnuð var í Minjahúsinu á Sauðárkróki þann 17. júní. Á sýningunni er fjallar um fornleifarannsóknir, sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og Hólarannsóknin hafa staðið fyrir eða verið í samstarfi um í Skagafirði á árabílinu 2000-2005. Rannsóknirnar hafa varpað nýju ljósi á skagfirsku sögu, staðfest

ritheimildir, afsannað og sannað munnmæli og getgátur og fyllt í eyður. Skráðar hafa verið fornleifar á fjölda jarða, en skráning fornleifa er forsenda fyrir verndun minja og alla skipulagsgerð. Gefnar hafa verið út fjöldi rannsókna- og áfangaskýrsla um rannsóknirnar en sýningin *Margt býr í moldinni* er viðleitni til að miðla þeim fróðleik sem aflað hefur verið til almennings á auðveldari hátt en skýrsla leyfir, með myndum og texta. Tilgangurinn er einnig að vekja áhuga á þýðingu fornleifarannsókna og efla vitund um dýrmæti sögunnar. Aukin þekking, á því sem landið geymir, styrkir okkar eigin

sjálfsvitund og minjavernd og glæðir tilfinningu okkar fyrir því hvernig nýta má umhverfið til þekkingarsköpunar og menningartengdrar ferðaþjónustu. Þótt margt sé til umfjöllunar á sýningunni er það ekki tæmandi upptalning á öllu sem rannsakað hefur verið eða undir liggur, enda eru nokkrar rannsóknir sem enn eru í vinnslu ekki nógu langt komnar til að hægt sé að gera þeim skil. Hönnuður var Jón Þórisson, Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir og Sigríður Sigurðardóttir sáu um textaskrif og val á myndum. Anna Rut Guðmundsdóttir hannaði útlit korta. Óli Brynjars. hjá Nýprenti sá um uppsetningu á spjöld.



Leikföng úr hornum og beinum hafa verið lánuð á sýningar og til skóla og hafa sannarlega vakið athygli og ánægju því þótt leikföng úr hornum og beinum séu fremur fáséð í dag þá þarf ekki að segja börnum oft hvernig hægt er að nota þau. Myndin er tekin á safnadaginn, þann 9. júlí 2006.

Safnadagurinn

Á safnadaginn þann 9. júlí, komu nokkrir vinir safnsins og sýndu gömul handbrögð. Dagskrá safnadagsins er alltaf háð veðri og kunnáttu þeirra vina safnsins sem eiga heimangengt þennan daginn. Þannig hefur það verið frá upphafi, árið 1994. Dagskráin hófst á húslestri séra Ólafs á Mælifelli. Sigmar í Lindabæ sló bæinn úr grasi á gamalli dráttarvél, en þá biluðu boltar í sláttuvélarfestingu svo ekki var meira slegið þann daginn. Sindri aðstoðaði krakka, sem vildu fara í hornaleik, við að girða, útdeila kubbum í byggingar og færa búunum horn og bein. Inn í baðstofu voru Guðríður í Austurhlíð, Margrét á Mælifellsá og Sigrún Indriða. Guðríður kunstbróðeraði í mynd af þjóðarfjallinu, Herðubreið. Margrét vann að hrosshárgjörð og sagði til við að bregða og stíma tauma. Sigrún Indriða. saumaði leður á saumahesti og fleira. Guðný og Bryndís strokkuðu smjör inni í Mjólkurbúri og buðu gestum að prufa storkkinn og bragða á nýstrokkuðu smjöri með harðfiski. Þær buðu líka upp á hangikjöt í eldhúsinu. Þessi „lifandi sýning“, eða atburður, stóð frá 14 til 16. Fjöldi manns komu í bæinn og í Áskaffi

var örtröð eins og alltaf á þessum degi, og margir súkkulaðibollar höfðu verið tæmdir þegar safnadeginum lauk þar, kl. 18.

Rökkurgangan

Dagana 16. og 17. desember var boðið upp á hina árlegu rökkurgöngu í gamla bæinn. Áskaffi ilmaði af smákökum og súkkulaði og ljóminn af lifandi ljósum og gamla jólaskrautinu gaf ró í sál og sinni. Þetta er í 11. sinn sem safnið er opnað á aðventunni og fjallað er um jól og jólasíði. Nú voru það jólasveinarnir sem voru í kastljósinu og tveir komu óvænt í heimsókn og sögðust heita Tífill og Tútur. Um 200 manns komu í rökkurgönguna. Allt fór vel fram þótt í einstaka hópum væru heldur margir og þótti sumum erfitt að kunna fótum sínum forráð í myrkrinu. En það var gaman og starfsmenn safnsins eru strax farnir að hlakka til rökkurgöngunnar á sama tíma að ári.



Það er notalegt að setjast á rúmstokkinn í baðstofunni í rökkrinu og rifja upp lífshætti horfinna kynslóða.

Annað

Á undanförunum árum hefur safnið aðstoðað fólk við gerð upplýsinga og kynningarefnis um minjatengd efni og einstaka sinnum eru gripir lánaðir til sýninga, ef aðstæður leyfa. Í vor fengu ferðaþjónustubændur á Flugumýri texta frá safninu um landnámssögu Þóris dúfunefs og hvernig hann eignaðist hryssuna Flugu og um Flugumýrarbrennu. Þau fengu einnig lánaða til sýningar: tunnuhledda, ámu og klyfbera.

Safngripir og aðrar nýjar heimildir

Til safnsins bárust fjöldi góðra gripa og annarra heimila. Nokkur fjöldi þeirra hefur verið staðsettur á svokölluðum biðlista, sem þýðir að afstaða til þess hvort þeir verða fullgildir safngripir verður tekin einhvern tíma í næstu framtíð. Þetta er gert til að þurfa ekki að hafna þeim eða henda á meðan pláss er í geymslum safnsins. Þessir gripir verða sennilega dæmdir til að víkja ef aðrir mikilvægari koma í þeirra stað. Á árinu voru 40 gripir skráðir í safnið. Í lok ársins eru 4220 safngripir skráðir í aðfangabækur safnsins, en raunveruleg

tala safngripa er miklu hærri þar sem verkstæðin² í Minjahúsinu á Sauðárkróki, sem í eru á milli 20-500 gripir, eru skráð í einu lagi á eitt númer. Um 270 gripir hafa verið skráðir á biðlistann. Um 5000 fornleifar hafa verið skráðar á 52 jörðum í Skagafirði og langflestar hafa þegar verið skráðar í Sarp.

Fjöldi merkilegra gripa rötuðu til safnsins og er hér gerð grein fyrir tveimur þeirra sérstaklega, sem eru ómetanlegir, en fleiri mætti telja, s.s. reiðsvipu Sveins frá Elfvogum, þvottapottinn úr Briemshúsi og fleira og fleira.



Úrfestar úr mannshári. Á safnadaginn, þann 9. júlí, afhenti Árni Blöndal safninu tvö vasaúr með úrfestum úr mannshári af sömu manneskjuni, Álfheiði Guðjónsdóttur (1874-1941) ömmu Árna. Maður Álfheiðar var Kristján Blöndal póstaðgreiðslumaður og bóksali á Sauðárkróki.



Skautbúningur

Þann 30. júní gaf Björg Axelsdóttir Kofoed-Hansen safninu stórglæsilegan skautbúning, sem hún fékk í arf eftir föðurömmu sína, frú Björgu Sigríði Önnu Eiríksdóttur (1865-1928). Björg bjó á Sauðárkróki 1891-1928. Maður hennar var Kristján Gíslason kaupmaður. Þau bjuggu lengst af í húsi því sem ýmist var kennt við Espihól, Gil eða KG, og hýsir nú skrifstofu byggðasafnsins, í Gilstofunni við Glaumbæ. Búninginn saumaði Steinunn Thorsteinsson á árunum 1907-1909. Silfrið smíðaði Erlendur Magnússon gullsmiður eftir fyrirmyndum á Þjóðminjasafni Íslands. Búningur er til sýnis á Áshússloftinu ásamt fleiri munum frá heimili Bjargar og Kristjáns á Króknum. Þar á meðal má nefna borðstofuborð þeirra á fimm renndum fótum, en borðið hefur gegnt hlutverki afgreiðsluborðs í gamla bænum í Glaumbæ í yfir 40 ár. Einnig er til sýnis á loftinu páfuglsteppið fallega sem börn á Króknum gerðu sér erindi til að fá að sjá á sparistofugólfinu hjá frú Björgu fyrir næstum einni öld.



Á myndinni er Gilstofa til hægri, Áshús til vinstri. Ljósm.SS.

Heimildir á mynd- og segulböndum

Kvenfélag Akrahrepps afhenti byggðasafninu afrit af viðtölum við 16 einstaklinga á 10 myndbandsspólum. Myndböndin voru tekin upp á tímabilinu 1994-1998 og var spjallað við fólk um líf og bústörf í Akrahreppi um og eftir miðja 20. öld. Helga Bjarnadóttir, fyrrverandi skólastjóri Akraskóla afhenti safninu spólurnar. Efni þeirra hafði hún skráð

² Á næstu árum þarf að skrá alla safngripa á verkstæðunum. Flestir eru gripirnir á járn- og trésmíðaverkstæðinu. Fáir gripir eru óskráðir á úrsmíðaverkstæðinu, og á söðlasmíðaverkstæðinu eru allir gripirnir skráðir.

niður og fylgdu viðtölin einnig á pappír, en Helga hefur tekið upp og skráð fjölda viðtala við marga einstaklinga fyrir byggðasafnið á undanförunum árum.

Myndbandsviðtölin eru við: Önnu Jónsdóttur og Sigurð Jóelsson Stóru-Ökrum, Nikólinu Jóhannsdóttur Sólheimagerði, Gunnfríði Björnsdóttur og Hólmstein Jóhannesson Þorleifsstöðum, Sigurlínu Magnúsdóttur og Jóhann Lúðvíksson Kúskerpi, Hjörtínu Tómasdóttur Bjarnastöðum, Skarphéðinn Eiríksson Djúpadal, Guðrúnu Stefánsdóttur og Gísla Jónsson Miðhúsum, Þuríði Jónsdóttur og Björn Sigtryggsson Framnesi, Ingibjörgu Jónsdóttur og Rögnvald Jónsson Flugumýrarhvammi, og Guðmund L. Friðfinnson Egilsá. Heimildir sem þessar eru afar mikilvægar fyrir safnið og ómetanlegar fyrir framtíðina. Það voru þær Sigrún Þorsteinsdóttir í Flugumýrarhvammi, Helga Bjarnadóttir í Varmahlíð og Dalla Þórðardóttir á Miklabæ sem héldu utan um þess merkilegu söfnun fyrir kvenfélagið. Myndböndin verða varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Bæjarrölt í Sæluvíku

Eitt hlutverk safna á borð við byggða- og héraðsskjalasöfnin er að kynna úr hvað umhverfi safnkosturinn, þ.e. munir, skjöl, handrit og aðrar heimildir, er sprottinn. Í ljósi þess að jákvæð og upplýst minjavarsla vex í réttu hlutfalli við aukna fræðslu og kynningu á minjaumhverfinu stóðu forstöðumenn Safnahúss og Byggðasafns fyrir bæjarrölti um elsta bæjarhluta Sauðárkróks í lok Sæluvíku, sunnudaginn 7. maí. Um 70 manns röltu í tvo tíma undir leiðsögn Brynjars Pálssonar. Lagt var upp frá Minjahúsinu í blíðuveðri og var



gengið suður Freyjugötu, um Skólastíg yfir á Faxatorg, út Suðurgötu og til kirkju, þar sem sest var niður í smástund. Þaðan lá leiðin um Skógargötu og út á Kaupvangstorg, út Lindargötu og til Villa Nova þar sem staldrað var við í nokkrar mínútur og sólarhæðin tekin. Þaðan var gengið suður Aðalgötu, að kirkjunni þar sem göngunni lauk. Að leiðarlökum bauð safnið þátttakendum í kaffi á Kaffi Krók þar sem Brynjar svaraði spurningum. Ekki er annað hægt að segja en að gangan hafi í alla staði tekist vel og voru allir í sólskinskapi, jafnt veðurguðir sem mannskapur. Var mál manna að rölt að þessu tagi mætti endurtaka fyrr en seinna.



Efri mynd: Brynjar messar yfir hópnum á Strandgötunni í upphafi göngunnar.

Neðri mynd: Hluti af hópnum á leið norður Lindargötu.

Bjargvætturinn Mark Watson



Í ágúst var gefið út 6. smárit BSk. Það heitir **Mark Watson og Glaumbær** og er eftir Önnu. S. Snorradóttur. Þetta er 2. útgáfa ritsins og er tileinkað minningu Watsons, sem hefði orðið 100 ára þann 18. júlí 2006. 1. útgáfa frá árinu 1989 var uppseld. Texti ritsins er bæði á íslensku og ensku. Mark Watson (1906-1979) var góður vinur og velunnari Bygðasafns Skagfirðinga. Hann var Englendingur, sonur Mantons lávarðar, og yngstur fjögurra bræðra. Hann ferðaðist oft um Ísland á árunum 1837-1979. Í Skagafjörð kom hann sína fyrstu ferð sumarið 1838. Það má þakka Guðmundi Sveinssyni fulltrúa hjá Kaupfélagi Skagfirðinga að Watson skoðaði Glaumbæ í þeirri ferð því er hann heyrði að hann hefði mikinn áhuga á fornminjum hvers konar benti Guðmundur fylgdarliði hans á að fara með hann þangað. Watson gjörfóll fyrir bænum. Er hann kom heim til Englands íhugaði hann að kaupa Glaumbæ og láta endurreisa hann í upprunalegri mynd og gera að safni, en bærinn var ekki falur. Sama ár sendi hann 200 sterlingspund til Íslands til að hefja mætti viðgerðir á bænum, en það var mikið fé á þeim tíma og markaði upphaf að varðveislu bæjarins. Heimamenn smituðust af áhuga hans. Áratug seinna, árið 1948, var Bygðasafn Skagfirðinga formlega stofnað og er það elsta bygðasafn landsins. Árið áður hafði gamli Glaumbæjarbærinn verið friðaður og fékk nýstofnað bygðasafnið hann til afnota til sýningahalds. Fyrsta sýning safnsins var opnuð í bænum 15. júní árið 1952. Watson kom nokkrum sinnum við í Glaumbæ eftir það og var ánægður með framvindu mála. Það má með fullum rökum segja að Mark Watson hafi bjargað Glaumbæ, og það var ekki eina afrekið hans hérlandis. Hann var merkilegur maður. Hann vakti athygli á því að íslenski hundurinn væri einstakt hundakyn og átti stóran þátt í að bjarga þessu einstaka hundakyni frá því að deyja út. Watson vakti einnig athygli á kostum og sérstöðu íslenska hestsins, og hélt bæði íslenska hesta og hunda á búgarði sínum í Kaliforníu um miðja 20. öld. Hann gaf Íslendingum margar góðar gjafir. Hann gaf fyrsta dýraspítalann, fullbúinn tækjum, í Víðidal í Reykjavík. Þjóðminjasafni Íslands færði hann stórgjafir og arfleiddi Landsbókasafn Íslands að afar dýrmætu bókasafni sínu.

Fornverkaskólinn og handverkið

Mikill áhugi er fyrir því í Skagafirði að nýta þekkingu sem hér er fyrir hendi og stofna til námskeiðahalds um fornt handverk. Samstarfsaðilar safnsins við undirbúning verkefnisins, sem ber vinnuheimið Fornverkaskólinn, eru Ferðamáladeild Hólaskóla og smíðadeild Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafni Íslands og Fornverki ehf. sem hafa sýnt því velvilja og munu koma að og taka þátt í því hvert með sínum hætti. Leitað var til Maihaugen handverksudvikling í Noregi um aðstoð við að forma aðferðir við að skrá og geyma heimildir sem verða til á námskeiðunum og safnið mun halda utan um.

Bygðasafnið setti fram það markmið í safnstefnu árið 1999 að sinna sérstaklega torfmannvirkjum og torfhandverk og hóf rannsókn á torfhleðsluleifum í Skagafirði. Með Fornverkaskólanum er stigið skref í þá átt að reyna að stuðla að því að handverk tengt byggingaarfi okkar, einkum torf- og timburhúsum, verði varðveitt. Áform með Fornverkaskólanum felast í því að þróa nám á þessu sviði með það að markmiðum:

- Að útskrifa nemendur með hagnýta þekkingu á einkennum, þróun og varðveislu mannvirkja og búsetulandslags íslenskra sveita.
- Að útskrifa nemendur sem þekkja til hefðbundinna vinnubragða við íslenskt byggingahandverk, einkum torfskurð og torf- og grjóthleðslu, tré- og málmsmíði.

- Að útskrifa nemendur sem eru færir um að taka á móti gestum sem vilja kynnast þeim menningararfi sem felst í menningarlandslagi og mannvirkjum til sveita.³

Verkefnisstjóri Fornverkaskólans

Fyrsta skrefið til að gera Fornverkaskólann að veruleika var að ráða Esther Ágústsdóttir BEd til að vinna námsskrá og námskeiðalýsingar fyrir nám í fornu smíðahandverki sem áætlað er að hefjist vorið 2007.

Handverkssýning á Hólum

Dagana 11. - 12. ágúst varð haldin námskeið á Hólum um handverk tengt fornum smíðaaðferðum, einkum staf- og stokkverkssmíði eins og sjá má í Auðunarstofu. Einnig var sýnd torfhleðsla. Haldnir voru fyrirlestrar fyrir áhugafólk um húsamíði á miðöldum og svo var fólki boðið upp á fylgjast með kennslu í trésmíði og járnsmíði. Með námskeiðinu lauk Auðunarstofuverkefni Hólanefndar með formlegum hætti. Fjöldi




manns fylgdust með námskeiðinu sem smíðakennarar FNv og hleðsluflokkur Helga Sigurðssonar tóku þátt í ásamt erlendum handverksmönnum. Þarna fengu þeir sem halda munu utan um og kenna á námskeiðum Fornverkaskólans dýrmæta reynslu til að spila úr, og mikilvæg tengsl voru mynduð við norræna samstarfsaðila, en Fornverkaskólinn mun fá aðstoð frá Norsk handverksudvikling í Maihaugen.

Trésmíðameistarar sýna bjálkahússgerð við Auðunarstofu 2006.

Samkomulag um vettvangskennslu í torfhleðslu á Tyrfingsstöðum

Þann 30. desember 2006 undirrituðu eigandi Tyrfingsstaða, Kristín Jóhannsdóttir, og safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga, Sigríður Sigurðardóttir, samkomulag um að Byggðasafnið fái að nota gömlu húsin á Tyrfingsstöðum sem vettvang fyrir námskeið í viðhaldi og viðgerðum gamalla bygginga, en fyrirhugað er að hefja námskeið í torf- og grjót-hleðslu, tré- og járnsmíði, á vegum Fornverkaskólans. Samkomulag þetta er annað skrefið í áttina til að gera Fornverkaskólann að veruleika. Fyrsta skrefið var tekið er Esther Ágústsdóttir BEd var ráðin að verkefninu til að útbúa námskrá og námskeiðalýsingar, sem eru langt á veg komnar.



Smárit um torf til bygginga

Í tengslum við komandi námskeið hefur smárit BSk. nr. 7 Torf til bygginga, verið gefið út rafrænt á heimasíðu safnsins, og er komið í prentun. Það verður tilbúið er fyrsta torfhleðslunámskeiðið verður haldið vorið 2007.

³ Hið síðast nefnda er sameiginlegt markmið með staðarvarðanámskeiðum sem Hólaksóli stendur fyrir og hægt væri að nýta sem hluti af báðum námskeiðunum.

Önnur útgáfa

Safnið gaf út fjölda smáblöðunga með fræðslu- og kynningarefni í sama stíl og kynningar-
efni það sem gefið var út á síðasta ári.



Sýnishorn einblöðunga, sem prentaðir voru á árinu.



Styrkir

Safnið hefur notið velvilja til styrkja mörg undanfarin ár sem ber að þakka vel því án styrkjanna yrði olnbogarými lítið til rannsókna og nauðsynlegra framkvæmda, þrátt fyrir mikinn gestafjölda sem greiða að fullu kostnað safnsins við móttöku þeirra.

Alls fékk safnið 5,2 millj. kr. til ýmissa sérverkefna. Þar að auki fékk safnið 5 millj. til fornleifarannsókna við Kolkuós. Hér er getið þeirra sérverkefna sem styrkir fengust til og hvernig þau voru unnin, nema styrks til Kolkuóssrannsókna sem er til umfjöllunar í skrifum um fornleifadeild, sjá á bls. 19.

Styrkur úr Safnasjóði

Safnasjóður úthlutaði Byggðasafni Skagafurðinga 2 millj. kr. fyrir árið 2006, sem er 100 þús. kr. hækkun milli ára. 1600 þús. kr. voru til reksturs og 400 þús. kr. til skráningar

safngripa. Safnasjóður er eini sjóðurinn sem einhvers má vænta úr fyrir víst, a.m.k. fyrir byggðasöfnin, en þeim fjölgar stöðugt sem sækja í sjóðinn og á meðan framlag til sjóðsin eykst ekki verulega eða úthlutnarreglum breytt er ekki hægt að búast við neinum stórútlátum þaðan. Styrkurinn frá Safnasjóði skiptir samt sannarlega máli.

Styrkur frá Húsafriðunarnefnd

Húsafriðunarnefnd ríkisins veitti 500 þúsund krónur til framhalds húsakönnunarvinnu árið 2006. Undirbúningur að húsakönnun í Skagafirði hófst árið 2005 fyrir tilstyrk nefndarinnar, og gekk vel. Árið 2006 var athyglinni beint að nokkrum elstu húsum í byggðum héraðsins. Húsakönnunin er samstarfsverkefni Héraðsskjalasafn og Byggðasafns Skagfirðinga, með byggingarfulltrúaembætti Sveitarfél. Skagafjarðar til fulltingis.

Styrkur frá Starfsmenntaráði

Byggðasafn Skagfirðinga hlaut styrk frá Starfsmenntaráði (Starfsmenntasjóði) að upphæð 2.7 milljónir króna til verkefnisins **Handverk í íslenskum byggingararfi**. Styrknum er varið til námsskrár- og námsefnisgerðar og til að halda fyrsta námskeiðið. Sjá umfjöllun um Fornverkaskólann hér á undan, bls.12.

Fisk Seafood á Sauðárkróki gaf trébolí, hjallaefni, til að vinna með á handverkssýningu á Hólum þann í ágúst.

Kjöttvinnsla KS gaf hangikjötið sem boðið var í rökkurgöngunni í Gamla bænum í Glaumbæ, dagana 16. og 17. desember.


Viðgerðir

Hús og bær á safnlóðinni í Glaumbæ eru undir stöðugu eftirliti og í gert er við eftir því sem þörf krefur.

Í febrúar tók Bragi Skúlason alla glugga úr baðstofunni og setti í aftur þegar búið var að líma á þá sólbirtutejandi filmu sem ver innviði og safngripa gegn útfjólubláu ljósi, en tæring vegan ljósmagns var allt of mikið í baðstofunni.

Þá var gert við handrið á stiga á Áshúsinu upp að austan.

Smiðjuviðgerð



Bærinn í Glaumbæ er samstæða 15 húsa: 1 Inngangur – bæjargöng, 2 Bláastofa, 3 Eldhús, 4 Norðurbúr, 5 Gusa, 6 Baðstofa – Norðurhús, 7 Mið-Baðstofa, 8 Baðstofa – Prestshús, 9 Suðurdýr – Brandahús, 10 Langabúr, 11 Litlabúr, 12 Suðurstofa, 13 Norðurskemma, 14 Suðurskemma, **15 Smiðja**.

Viðgerð á Smiðju hófst í júní og lauk í ágúst. Húsið var tekið ofan og grind og þil lögð. Árefti var sumt af sér gengið, gamalt og mikið fúíð og ekki nothæft. Árefti frá viðgerð árið 1992 sem er klæðning af Áshúsinu frá 1883, var notað áfram. Stóðir voru þokkalegar, en neðri hluti gaffþils og hurðarumbúnaður var nær ónýtur. Allt var endurnýjað eins varlega og kostur var. Þil var málað. Umsjónarmenn viðgerðarinnar voru Bragi Skúlason trésmiður og Helgi Sigurðsson hleðslumaður.



Í húsinu reyndust vera forgamlar spýtur, sem báru merki þess að hafa verið notaðar einu sinni og jafnvel oftár áður í öðrum húsum.



Kvöldverður að handan Vatna hætti

Áskaffi er þátttakandi í verkefninu Matarkistan Skagafjörður og setti saman spennandi kvöldverð þar sem fléttað var saman matartegundum að hefðbundnum hætti úr skagfirsku hráefni, lifandi tónlist þar sem þjóðlög voru spiluð á stofuorgelið og fiðlu, sem hljómuðu vel saman, og safnið sá um að kynna mat og matarhefðir. Gerður var góður rómur að málverðinum og nutu hans fjölmargir, og var ánægja með hve margir heimamenn nýttu sér tiltækið.

Nafnið á kvöldverðinum var sótt til þeirrar málvenju að tala um fólk fyrir handan þegar átt er við mannskapinn sem býr og starfar hinumegin Héraðsvatna, en málvenja er að tala um að fara yfirum, þegar farið er yfir Héraðsvötn og koma að handan eða handanað.

Norðlensk minjasöfn og söfnun samtímaminja

Á fundum, sem haldnir voru í Glaumbæ og á Dalvík, hittust fulltrúar frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna, Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, Byggðasafni Skagfirðinga, Síldarminjasafninu á Siglufirði, Byggðasafninu á Hvoli, Minjasafninu á Akureyri, Byggðasafni Suður-Píngeyinga og Bóka- og byggðasafni Norður-Píngeyinga. Á fundunum var rætt hvernig skynsamlegast væri fyrir norðlensk byggðasöfn og sérsöfn að haga söfnun samtímaminja þannig að ekki væru allir að safna sömu fjöldaframleiddu mununum, sem tengjast lífsháttum Norðlendinga frá miðri síðustu öld. Söfnun samtímaminja er stórmál, því munir úr þeim söfnunarflokki eru ekki aðeins plássfrekir í geymslum heldur er af þeim til slíkur aragrúi að við ekkert verður ráðið ef öll söfnin ætla að varðveita það sama. Það er einfaldlega ekki hægt. Niðurstöður eru ekki í sjónmáli enn, en umræðan hefur töluvert snúist um það hvort best sé að skipta samtímaminjunum milli safnanna eftir efni eða efnisþáttum, hlutverkum, eða hvort skynsamlegast sé að stofna til samtímaminjamíðstöðvar, sem öll söfnin tækju þátt í að reka.

Söguseturs íslenska hestsins

Eftir að Hestamíðstöð Íslands var lögð niður urðu Hólaskóli og Byggðasafn Skagfirðinga umsjónar- og rekstraraðilar Söguseturs íslenska hestsins. Nýr forstöðumður, Arna Björg Bjarnadóttir, var ráðinn að Setrinu í apríl. Arna Björg er sagnfræðingur að mennt með atvinnulífsfræði sem aukagrein. Hún er ekki ókunnug safnastarfsemi í Skagafirði því hún vann sem safnvörður í Glaumbæ á árunum 1997-1999 og við torfhleðslurannsóknir og torfhleðslu árið 1999-2000. Auk þess hefur hún góða innsýn í málefni hestamanna. Hún sat í stjórn hestamannafélagsins Svaða í Skagafirði um tíma og var í undirbúningsnefnd fyrir landsmót hestamanna árið 1998.

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga



Margvíslegar menningarminjar er að finna í Skagafirði og skráning slíkra minja er stór hluti af starfsemi fornleifadeildarinnar, bæði jarðlægra fornleifa og gamalla húsa. Gamla íbúðarhúsið í Brimnesi er byggt 1868, og stendur þar sem gamli Brimnessbærinn stóð um aldir. Ljósmynd. BZ.

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga var sett á fót árið 2003. Fornleifadeildin er til húsa í Minjahúsinu á Saudárkróki. Tvær stöður voru á heilsársgrundvelli við deildina árið 2006 en aðrir starfsmenn voru verkefnaráðnir eftir þörfum. Góð samvinna var við Hólarannsóknina um samnýtingu starfsmanna, húsnæðis og búnaðar sem gaf aukna möguleika á rannsóknnum og verkefnavali.

Fornleifadeildinni er ætlað að vera leiðandi í rannsóknum á fornleifum og öðrum menningarminjum í héraði, bæði með því að standa fyrir slíkum rannsóknum en einnig með því að starfa með öðrum. Deildin er sjálfstæð rannsóknar- og rekstrareining innan safnsins og hún getur því einnig tekið að sér verkefni utan sveitarfélagsins svo sem fornleifaskráningar vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, fornleifakannanir vegna framkvæmda og neyðarrannsókna.

Starfsfólk

Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, er deildarstjóri. Bryndís Zoëga, landfræðingur, vann við skráningu fornleifa og aðrar rannsóknir. Guðmundur St. Sigurðarson, heimspekingur og fornleifafræðinemi, vann við skráningu fornleifa fyrir deildina og ýmis önnur verkefni á vegum safnsins. Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur er framkvæmdastjóri Hólarannsóknarinnar og verkefnisstjóri fornleifarannsóknarinnar í Kolkuósi. Auk þessara

fjögurra unnu um 15 manns við verkefni á vegum fornleifadeildarinnar, bæði fornleifafræðingar og aðrir sérfræðingar.

Styrkir

Hólarannsóknin sem Bygðasafnið stendur að auk Háskólans á Hólum og Þjóðminjasafns Íslands fékk fimmta árið í röð 11 milljónir frá **Kristnihátíðarsjóði** sem var hæsti styrkurinn sem sjóðurinn veitti. Styrkurinn var veittur í síðasta sinni þetta árið.

Kristnihátíðarsjóður veitti 800.000 til áframhaldandi greiningar á mannabeinum úr kirkjugarði og kumlateigi í Keldudal.

Fornleifasjóður veitti styrk til fornleifakönnunar á melunum sunnan Staðarár í landi Ármúla 800.000 krónur.

Fjárlaganefnd veitti safninu 5 milljóna króna styrk til rannsókna við Kolbeinsárós en þar hefur fornleifarannsókn nú staðið yfir í fjögur sumur.

NORFA. Fornleifadeild Bygðasafnsins og Hólarannsóknin tengjast inn í svokallað norrænt tengslanet sem kallast og fékkst til þess 9 milljón króna styrkur frá **NORFA** og var árið 2006 annað árið sem styrknum var úthlutað.



Horft yfir hús 10, svokallað, miðaldabyggingu sem líklega hefur verið einhvers konar viðhafnar eða stássbygging biskupsstólsins. Ljós. DMZ.

Starfsemi Fornleifadeildar BSk árið 2005

Hólarannsóknin

Fornleifarannsókn á Hólum í Hjaltadal fór fram fimmta árið í röð en framkvæmdastjóri hennar er Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur. Rannsóknin hefur verið styrkt af Kristnihátíðarsjóði og var árið 2006 seinasta árið sem úthlutað var úr sjóðinum.

Hólarannsóknin er þverfagleg og að jafnaði hefur um 40 manna hópur sérfræðinga og nema í fornleifafræði komið að rannsókninni árlega og hún hefur bætt miklu við þekkingu okkar á sögu biskupsstólsins.

Árið 2006 var haldið áfram við uppgröft á gamla bæjarstæði Hóla en athyglisverðustu niðurstöður sumarsins var fundur nýrrar byggingar frá miðöldum sem er þá elsta tóftin sem grafin hefur verið. Byggingin lá undir þar sem ruslahaugur staðarins hefur staðið um aldir og var hún nokkuð heilleg. Húsið er einnig óvanalegt í laginu ekki aflangt eins og tíðkast í skálum frá þessum tíma heldur ferkantað. Auk þess hafa dyr verið á stöfnum hússins en ekki langhliðum eins og tíðkaðist. Enn er ekki búið að fullgrafa húsið og notkun ekki ljós, en líkur hafa þó verið leiddar að því að hér kunni að vera um einhvers konar viðhafnarbyggingu að ræða.



Uppgröfturinn í Kolkuósi hefur nú staðið í fjögur ár og erum við margs vísari um þessa fornu höfn Skagfirðinga. Segja má að grafið sé í kapp við tímann en á hverju ári hafa stórir hlutar jarðvegs á tanganum horfið í sjóinn. Mynd MLN.

Fornleifarannsókn í Kolkuósi

Fjárlaganefnd Alþingis veitti 5 milljónum til fornleifarannsóknarinnar að Kolkuósi árið 2006. Í sumar var unnið í mánuð í Kolkuósi og var þá, auk hefðbundins uppgrafar, gerð neðansjávarkönnun á hafsbotninum umhverfis Elínarhólma þar sem talið er að skipa-

lægið hafi verið til forna. Við neðansjávarkönnunina unnu bæði danskir og íslenskir sérfræðingar en alls unnu um 12 manns við fornleifarannsóknina, bæði íslenskir og erlendir sérfræðingar og nemar í fornleifafræði.

Ýmislegt nýtt kom fram við rannsóknina í sumar, þar fannst meðal annars forlata hárkambur frá miðöldum. Einnig varð ljóst að skipulag svæðisins hefur verið meira, og með nokkru öðru sniði, en áður var talið. Torfveggur hefur legið eftir tanganum endilöngum og búðir eða vöruskemmur hlaðnar upp við hann. Einnig fundust merki um a.m.k. eitt jarðhús sem, auk annarra ummerkja, bendir til hás aldurs staðarins. Á sjávarbotninum við Elínarhólma fundust tvö akkeri, annað steipt úr járni hitt holaður steinn. Bæði voru akkerin flutt á land og er nú verið að forverja þau hjá Þjóðminjasafninu.

Fornleifauppgröftur á melunum austan Staðarár í landi Ármúla

Sumarið 2005 fór fram fornleifaskráning á vegum Fornleifadeildar Bygðasafns Skagfirðinga á Langholti. Þá voru skráðar leifar dysja eða kumla sem liggja á svokölluðum Hvammabörmum í Melsgili, austan og sunnan Staðarár, þar sem hún rennur um land Reynistaðar. Undanfarna öld hafa mannabein verið að birtast við jarðvegsrof á melnum og hafa beinin ýmist verið hirt eða grafin aftur. Fyrir nokkrum árum var sýni úr beini sem tekið hafði verið úr melnum sent til aldursgreiningar og reyndist það vera frá 11-12. öld.



Beinagrind konu lá fremst á melbrúninni sunnan Staðarár. Í baksýn sést býlið Melur. Óljóst er hvers vegna fólk hefur verið jarðað þarna á melnum en kolefnisaldursgreiningar benda til að grafirnar séu frá 11-12. öld. Fleiri sýni verða þó greind til að reyna að afmarka aldurinn nánar. Ljós. GZ.

Þar sem að sýnt þótti að dysjarnar lægu undir skemmdum var sótt um styrk til Fornleifasjóðs svo hægt yrði að gera frekari fornleifakönnun á svæðinu. Á yfirborði sáu

Þrjár óverulegar grjóthrúgur, og var jarðvegur að mestu fókinn ofan af tveimur þeirra. Sunnan grjóthrúganna lá svo hringlaga garðlag en hluti þess er í hættu vegna uppblásturs. Styrkur fékkst til verksins og stóð það yfir í þrjár vikur.

Teknir voru þrír skurðir í meint garðlag og kom þá í ljós að um er að ræða náttúrulega jarðmyndan, ellegar leifar mannvirkis sem hefur blásið upp þannig að ekkert torf sést lengur í því. Grafið var í allar þrjár grjóthrúgurnar eða „dysjarnar“. Í tveimur þeirra fundust engin bein en hinsvegar varð það ljóst að ekki var um að ræða náttúrulegar jarðmyndanir. Vitað var að bein höfðu fundist við þriðju grjóthrúguna. Yfir henni var dálítill grastorfa og þar komu fljótlega upp mannabein. Neðst í torfunni undir grjóthrúgunni, beint ofan á melnum, lá beinagrind eldri konu og ofan á henni nokkur rótuð bein úr a.m.k. tveimur öðrum einstaklingum. Höfuðkúpa konunnar var horfin og einungis fundust einstaka brot úr höfuðkúpum og kjálkum í beinahrúgunni. Líklegt er að beinin sem lágu efst hafi blásið upp og að þeim hafi síðan verið safnað saman og komið fyrir í þeirri gróf sem mestur jarðvegur var.

Þekkt er að höfuðkúpur og önnur bein hafa verið tínd þarna upp og þau grafin niður aftur og því kann að vera að enn leynist fleiri bein þarna á melbrúninni. Hinsvegar er ljóst að þarna var ekki um að ræða dys ræningja frá 15. öld eins og einhverjir hafa talið. Framundan eru nánari beinagreining og sýnataka vegna frekari aldursgreiningar.



Starfsmenn fornleifadeildar komu víða við í störfum sínum á árinu. Hér sjást leifar beitarhúss í landi Einholts á Mýrum, sunnan Hornafjarðarfljóts. Ljós. GZ.

Kirkjugarður í landi Hvanneyrar, Siglufirði

Í október var gerð fornleifakönnun á svokölluðum Hvanneyrarhóli, Siglufirði þar sem býlið Hvanneyri stóð fyrrum. Könnunin var gerð fyrir Kirkjugarðasjóð og Siglufjarðarbæ og var tilgangur hennar að finna útmörk gamla sóknarkirkjugarðsins, en sóknarkirkja Siglufirðinga var á Hvanneyri frá 17. öld fram á fyrstu ár þeirrar 20. Vitað var hvar garðurinn lá en nákvæm útmörk hans voru óþekkt. Þar sem að ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á svæðinu var ljós að kanna þyrfti stærð garðsins til að hægt yrði að taka tillit til hans við framkvæmdirnar. Könnunin leiddi í ljós leifar af hring- eða sporöskjulaga kirkjugarðsvegg úr torfi og innan hans komu fram útlínur tveggja grafa.

Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi

Byggðasafnið fékk úthlutað 800 þúsund frá Kristnihátíðarsjóði í desember 2005 til frekari greininga á þeim beinum sem komu upp úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi. Tekin voru sýni úr tönnum nokkurra valinna beinagrinda til að reyna hvort hægt væri að finna fornt DNA í þeim. Tilgangurinn er að athuga hvar fólk þetta er upprunnið auk þess sem athuga á hvort hægt er að greina skyldleika fólks innbyrðis í garðinum, auk þess sem reynt verður að greina skyldleika milli þeirra sem í kirkjugarðinum liggja og kumlbúanna. Niðurstöður rannsóknarinnar voru að DNA fannst í beinunum en oft er erfitt að ná DNA úr svo gömlum beinum. Ekki komu fram ættartengsl í þeim sýnum sem tekin voru en einungis var hægt að ákvarða ættartengsl í móðurlegg. Hinsvegar kom í ljós að um var að ræða fólk sem hefur samskonar erfðaefti og nútíma Íslendingar, Skandinavir og Írar sem passar við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á erfðaefti í fornum íslenskum beinum.



Fornleifakönnun á Stekkjartóft í landi Staðar í Hrútafirði

Fornleifadeildin var fengin til að taka könnunarskurð í vegg tóftar sem kemur til með að lenda undir vegi í landi Staðar í Hrútafirði. Könnunin fór fram í janúarlok og var unnin fyrir Vegagerðina. Könnunin leiddi í ljós að um var að ræða stekk eða rétt frá 18-19 öld.

Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal

Í ágúst gerðu starfsmenn fornleifadeildar fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal. Þar höfðu hleðslumenn komið niður á mannvirkjaleifar þegar grafið var fyrir grjótsvegg sem verið var að hlaða. Ekki var grafið neitt frekar á staðnum heldur voru snið hreinsuð og minjarnar teiknaðar. Verkefnið var unnið fyrir Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Starfsmaður fornleifadeildar, Guðmundur St. Sigurðarson mundar skófluna í grunni pósthússins svokallaða á Grenjaðarstað í Aðaldal. Ljós. GZ.

Fornleifaskráningar 2006

Fornleifaskráningar voru, sem fyrr, fyrirferðamikill þáttur í starfsemi fornleifadeildarinnar og tók deildin að sér slík verkefni víðs vegar um landið.

Fornleifaskráning í Skagafirði

Sumarið 2006 fór fram heildarskráning fornleifa á fimm jörðum í Skagafirði. Voru það



jarðirnar Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð. Nú hafa verið skráðar á vettvangi 52 jarðir í Skagafirði en tólf jarðir hafa verið skráðar að hluta. Áhersla hefur verið lögð á þau svæði sem að eru í hvað mestri hættu vegna framkvæmda t.a.m. þéttbýliskjarnana á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og Varmahlíð.

Leifar nausts í landi Bakka. Margar minjar eru í hættu af völdum náttúruaflanna og ekki er langt í að sjórinn höggvi í þetta mannvirki. Ljós. GZ.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags var gerð í landi Kirkjuhvamms á Hvammstanga. Deiliskipulagið er í tengslum við nýjan golfvöll og stækkun hesthúsasvæðis og fór skráningin fram um miðjan desember.



Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Byggðasafnið vann þrjú verkefni í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Fyrsta verkefnið var unnið í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga og var það fornleifaskráning vegna væntanlegrar vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Annað verkefni var skráning jarðarinnar Skóga í Fnjóskadal vegna mats á umhverfisáhrifum áætlaðrar jarðgangnagerðar milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals.

Sumarið 2006 var fremur kalt og blautt og oft heldur nóturlegt til útivinnu. Bryndís Zoëga skráir hér fornleifar í slagveðursrigningu. Ljós. GSS.

Fornleifaskráning í Seyðisfirði

Fornleifadeildin var beðin um að gera skráningu í landi jarðarinnar Skálaness í Seyðisfirði. Á Skálanesi er ætlunin að koma upp náttúru- og fræðasetri og er nákvæm skrásetning á náttúrufari og fornleifum hluti af þeirri áætlun. Hafist var handa við að skrá minjar upp úr heimildum auk þess sem örnefnakort var unnið fyrir jörðina. Skráning á vettvangi frestaðist hinsvegar fram á næsta ár vegna óhagstæðs tíðarfars.

Norrænt tengslanet, alþjóðleg ráðstefna á Hólum

Fornleifadeild Byggðasafnsins og Hólarannsóknin eru þátttakendur í norrænu tengslaneti sem ber heitið Kultur- og Miljöhistoria í Nordisk vikingatid og medeltid. Fjölmargar norrænar háskóla- og rannsóknastofnanir koma að verkefninu. Verkefnisstjóri er Dr. Magnus Hellqvist og leiðir hann stýrihóp verkefnisins. Ragnheiður Traustadóttir og Guðný Zoëga eru þátttakendur í stýrihópnum fyrir hönd Hólarannsóknar og Byggðasafnsins.

Árið 2006 var, á vegum netverksins, fundur hjá stýrihópnum og málþing um íslenska fornleifafraði í fornleifadeild Oslóarháskóla. Í ágúst var svo alþjóðleg ráðstefna á vegum



netverksins á Hólum í Hjaltadal. Ráðstefnan var haldin í tilefni 900 ára afmælis Hólastaðar og áhersla var lögð á þverfaglegt samstarf við rannsóknir á Víkingaöld og miðöldum á Norðurlöndunum. Um eitt hundruð manns víðsvegar að úr heiminum mættu til ráðstefnunnar sem stóð í þrjá daga. Fyrirlestrar voru fjölmargir og þarf af tengdust nokkrir fornleifarannsóknir í Skagafirði.

Hluti þátttakenda ráðstefnunnar sem haldin var á Hólum við leiðsögn um uppgrafsstaðið á Hólum. Einmuna veðurbliða var þessa þrjá daga sem ráðstefnan stóð.

Kynning og miðlun

Mikilvægur þáttur í starfsemi fornleifadeildarinnar er kynning og miðlun á þeim rannsóknarniðurstöðum sem til verða við rannsóknir tengdar deildinni. Kennsla, fyrirlestrar og útgáfa skýrsla og rannsóknarrita eru mikilvægir þættir í starfsemi Byggðasafnsins. Fornleifarannsóknir í Skagafirði og aðrar rannsóknir og verkefni sem deildin tengist utan héraðs hafa auk þess hlotið umfjöllun í hinum ýmsu fjölmiðlum.

Kennsla og fyrirlestrar

Framkvæmdastjóra Hólarannsóknarinnar og deildarstjóra Fornleifadeildar var boðið að halda þrjá fyrirlestra við fornleifadeild UCLA, Los Angeles, Kaliforníu um fornleifarannsóknir að Hólum, Kolkuósi, Keldudal og fleiri stöðum í Skagafirði. Fyrir boðinu stóð prófessors Jesse Byock sem undanfarin ár hefur stundað rannsóknir að Hrísbú í Mosfellsdal, en hann og hans rannsóknir eru hluti af norræna tengslanetinu sem áður var nefnt.

Fornleifadeildin kom að kennslu á Staðarvarðanámskeiði á vegum Hólaskóla vorið 2006. Deildarstjóri fornleifadeildar hélt fyrirlestur um beinarannsóknir á beinum frá Keldudal á námskeiði á vegum Háskólans á Hólum og um fornleifarannsóknina í Keldudal á alþjóðlegu ráðstefnunni sem var á Hólum í ágúst. Auk þess hélt hann tvo fyrirlestra um sjúkdóma í beinum frá Skriðuklaustri, fyrst á Sögupingi 2006 og síðan á málþingi um Skriðuklaustursrannsóknir í Þjóðminjasafninu í desember.



Þátttakendur og kennarar í seinna vettvangsnámskeiðinu á Hólum fyrir framan Grafarkirkju. Áhersla er lögð á að kynna Skagfirskan menningararf fyrir nemum sem sækja námskeiðin.

Sumarið 2006 voru haldin tvö vettvangsnámskeið í fornleifafræði annað á vegum Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands og það síðara á vegum fyrrgreindra háskóla og Oslóarháskóla. Þetta var fjórða sumarið sem vettvangsnám fór fram í tengslum við Hólarannsóknina og í annað skipti sem að haldið er sérstakt námskeið fyrir nemendur sem stunda nám í fornleifafræði við Oslóarháskóla. Alls tóku þátt í námskeiðunum 7 íslenskir fornleifafræðinemar og 12 norskir og fjölmargir sérfræðingar komu að kennslu þeirra.

Auk þess tóku starfsmenn fornleifadeildar þátt í ýmsum viðburðum sem tengdust 900 ára afmælishátíð Hólastaðar til að mynda með uppsetningu sýninga og leiðsögn um uppgriftarsvæði Hólastaðar á Hólahátíð.

Sýningar

Í sumar var sett upp stór sýning í Minjahúsinu á Sauðárkróki sem sýnir afrakstur fornleifarannsókna í Skagafirði seinustu fimm árin. Á sýningunni eru gripir úr Hólarannsókn, Kolkuósi og Keldudal en einnig er yfirlit yfir allar fornleifarannsóknir og

skráningar á vegum byggðasafnsins sem farið hafa fram í Skagafirði á þessu tímabili. Auk þess var sett upp sýning var Hólum um sögu biskupanna sem þar hafa setið, sjá bls. 6.

Útgáfa

Tólf skýrslur frá fornleifadeildinni komu út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafnsins og má segja að þær sýni þversnið af þeirri starfsemi sem fram fer á vegum fornleifadeildarinnar.

Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006/48.

Fornleifaskrá Reynistaðar. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006/49.

Fornleifaskrá Þingeyra. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006/50.

Fornleifaskráning á Langholti II. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006/51.

Greining mannabeina af Vestdalsheiði. Guðný Zoëga, ágúst 2006/52.

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006/53.

Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal. Guðný Zoëga, september 2006/54.

Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfangaskýrsla. Guðný Zoëga, september 2006/55.

Who were the people of Keldudalur? A status report on a DNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006/56.

Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006/57.

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum í Skógum í Fnjóskadal. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006/58.

Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði. Guðný Zoëga, desember 2006/59.

Annað

Í Sögu biskupsstólanna sem kom út á haustdögum 2006 birtist greinin *Saga Hóla letruð í moldina* eftir Ragnheiði Traustadóttur og Guðnýju Zoëga.

Fyrsta rit Hólarannsóknarinnar var gefið út árinu. Það ber heitið: *Nytjar í nöfnum. Örnefni í nágrenni Hóla í Hjaltadal* og er eftir Rúnu K. Tetzschner.